

# Atvinnuleysistryggingar/bætur

03.12.2006.

Einstaklingar á aldrinum 16-70 ára eiga rétt á atvinnuleysisbótum ef, og aðeins ef, þeir hafa unnið löglega á Íslandi í a.mk. 3 mánuði. Gjald í atvinnuleysistryggingasjóð (tryggingagjald) er greitt af vinnuveitanda þínum. Þú færð atvinnuleysisbætur ef þú

Atvinnulaus.

Býrð á Íslandi (með dvalarleyfi eða ert Norrænn ríkisborgari).

Ert í atvinnuleit.

Vinnufær og tilbúin/n til að vinna öll almenn störf.

Tilbúin/n til að vinna hvar sem er á Íslandi.

Þú getur flutt rétt þinn til atvinnuleysisbóta frá öðrum ES/EES-löndum (E-301/E-303 eyðublað).

Umsókn um atvinnuleysisbætur

Þegar þú sækir um atvinnuleysisbætur verður þú að leggja fram nokkur eða öll eftirfarandi skjala:

Sérstakt skjal starfsvottorð/staðfestingu frá fyrrum vinnuveitanda (vottorð vinnuveitanda) með upphafs- og lokadagsetningum ráðningartíma, í fullu starfi eða hlutastarfi.

Læknisvottorð ef þú hefur skerta starfsorku.

Undirskrift foreldris ef þú ert 16-17 ára.

Staðfestingu á öðrum greiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins (TR), lífeyrissjóði o.s.frv.

Skattkort.

Vottorð frá skólum sem þú hefur sótt á Íslandi.

Fjöldi daga á sjó (aðeins fyrir sjómenn).

Eigin atvinnurekstur

Sjálfstætt starfandi einstaklingar eða þeir sem hafa unnið fyrir eigið einkahlutafélag, verða að leggja fram eftirfarandi skjöl frá skattfyrirvöldum:

Staðfestingu á því að eigin reksti hafi verið hætt.

Staðfestingu á eigin launagreiðslum/launum.

Staðfestingu á því að tryggingagjald og staðgreiðsla hafi verið greidd.

## Samskipti einstaklinga í atvinnuleit við Vinnumiðlun

Einstaklingur í atvinnuleit fær viðtal við persónulegan ráðgjafa eins fljótt og unnt er.

Einstaklingur í atvinnuleit þarf að vera í reglulegu sambandi við Vinnumiðlun, samkvæmt nánari leiðbeiningum.

Einstaklingar í atvinnuleit verða að láta Vinnumiðlun vita ef þeir finna vinnu, ef starfsorka þeirra skerðist, þeir ákveða að hætta atvinnuleit eða ef aðrar mikilvægar breytingar eiga sér stað.

### Réttur til bóta

Réttur til bóta fer eftir því hvort þú hefur unnið síðustu 12 mánuði og hvert starfshlutfallið var (fullt starf-hlutastarf). Aðeins lögleg störf, þar sem vinnuveitandinn hefur greitt tryggingagjald, skapa rétt til bóta, ekki "svört" vinna.

Lágmarksatvinnuleysisbætur eru 5.123 kr. á dag eða 111.015 kr. á mánuði. Ef þú hefur unnið í hlutastarfi færðu hlutfall af bótum.

Tekjutengdar bætur: Atvinnuleysisbætur byggja á atvinnutekjum þínum í þrjá mánuði. Þær verða 70% af meðaltali heildarlauna í mánuði, og reiknast frá því tveimur mánuðum áður en sótt var um atvinnuleysisbætur. Hámarkið er 185.400 kr. á mánuði ef þú átt fullan bótarétt.

Lágmarksbótaréttur: A.m.k. 25% starf í 3 mánuði. Lágmarkið tryggir þér rétt til ¼ af lágmarksbótum. Einstaklingur í atvinnuleit sem hefur lágmarksbótarétt, getur, ef hann hefur innan 12 mánaða tímabilsins, lokið a.m.k. 6 mánaða námi við íslenskan skóla, fengið námið metið til 13 vikna starfs (þ.e. 25% + 25% = 50%).

Þú getur "fryst" bótarétt þinn í 24 mánuði ef þú ákveður að hætta atvinnuleit í allt að 24 mánuði. (Það þýðir að þú getur hætt atvinnuleit í 24 mánuði og síðan hafið atvinnuleit að nýju á bótum). Nemendur geta "fryst" bótarétt sinn í 36 mánuði.

Einstaklingar í atvinnuleit með börn (0-17 ára) sem búa á Íslandi fá aukagreiðslu fyrir hvert barn.

Atvinnuleysisbætur eru ekki greiddar í veikindum bótaþega.

Hámarkshlutfall atvinnuleysisbóta getur ekki verið hærrí en hlutfall af fullu starfi sem einstaklingurinn er tilbúinn til að vinna. (Ef þú ert að leita að hlutastarfi færðu atvinnuleysisbætur í samræmi við það).

### Hlutastörf eða tilfallandi störf

Bótaþegar verða að láta Vinnumiðlun vita ef þeir fá tímabundið starf eða til frambúðar.

Bótaþegar sem gegna hlutastarfi á meðan þeir eru að leita að fullu starfi verða að gefa upp tekjur sínar og sýna launamiða

mánaðarlega.

Gefa þarf upp alla íhlaupa/tilfallandi vinnu.

Tekjur undir 52.000 kr. á mánuði munu ekki hafa áhrif á atvinnuleysisbæturnar, en þú verður að gefa þær upp.

Greiðslur frá Tryggingastofnun, lífeyrissjóðum og fjármagnstekjur- bótaþegar sem fá greiðslur frá TR, lífeyrissjóðum o.s.frv., verða að sýna greiðslukvittanir mánaðarlega. Bótaþegar verða að tilkynna Vinnumiðlun um fjármagnstekjur

Hámarkstími atvinnuleysisbóta- þú getur fengið atvinnuleysisbætur í 3 ár. Nýtt bóatímabil getur ekki hafist fyrr en 24 mánuðum eftir að 3 ára bóatímabilinu lauk. Til að fá aftur rétt til bóta, þarftu að hafa unnið a.m.k. 6 mánuði á 24 mánaða biðtímanum.

Undanþágur, eða ef þú færð greiðslur annars staðar frá

Þú átt ekki rétt á atvinnuleysisbótum ef þú:

Ert sjálfstætt starfandi og greiðir tryggingagjald og staðgreiðslu af tekjum einu sinni á ári.

Færð greitt sumarleyfi frá síðasta vinnuveitanda (hámark 24 vinnudagar eftir að þú hættir störfum).

Færð laun, t.d. í 3 mánuði eftir að þú hættir störfum.

Stundar 75-100% nám við viðurkennda menntastofnun.

Færð dagpeninga vegna sjúkdóms eða vinnuslyss.

Færð greiðslur vegna feðra/mæðraorlofs.

Færð greiðslur vegna langveikra barna.

Ert í verkfalli eða verkbanni.

Ert í fangelsi eða gegnir samfélagsþjónustu.

Þú getur misst bótaréttinn:

Ef þú neitar starfi sem Vinnumiðlun býður þér, missir þú bætur í 40 vinnudaga.

Ef þú neitar að fylgja atvinnuleitaráætlun, mæta á námskeið eða fylgja öðrum vinnumarkaðsúrráðum sem Vinnumiðlun býður þér

Ef þú hættir í starfi án gildrar ástæðu eða átt sjálf/ur sök á atvinnumissi, missir þú bótarétt í 40 vinnudaga.

Ef þú hættir námi án gildrar ástæðu verður þú að bíða í 40 vinnudaga þangað til þú átt rétt til bóta.

Ef þú missir bótarétt tvisvar þarftu að bíða í 60 vinnudaga.

Ef þú missir bótarétt þrisvar þarftu að vinna 8 vikur á Íslandi til að fá aftur bótarétt.

Ef þú reynir að fá bótarétt með því að gefa vísitandi upp rangar upplýsingar eða með því að leyna upplýsingum um aðstæður þú rétt til bóta.

#### Ákvörðun um bótarétt

Vinnumálastofnun tekur ákvörðun um rétt til bóta/missi bótaréttar. Ákvarðanir Vinnumálastofnunar má kæra til úrskurðarnefndar atvinnuleysistrygginga.

[www.vinnumalastofnun.is](http://www.vinnumalastofnun.is)

sími: 515 4850

[vinnumidlun.hb@svm.is](mailto:vinnumidlun.hb@svm.is)